



Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 21. apríl 2021

Meðfylgjandi er umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030. Þingskjal 1108, 645. mál. (151. löggjafarþing)

Virðingarfyllt,
f.h. Barnaheilla - Save the Children á Íslandi

Erna Reynisdóttir,
framkvæmdastjóri

Umsögn Barnaheilla - Save the Children á Íslandi um tillögu til þingsályktunar um lýðheilsustefnu til ársins 2030.

Barnaheill þakka fyrir tækifærið sem þeim er veitt til að gera umsögn um ofangreint mál.

Samtökin sendu inn umsögn um málið í samráðsgátt og þakka fyrir breytingar sem gerðar voru á þingsályktunartillögunni í kjölfarið til samræmis við hana. Eins fagna samtökin þeirri umfjöllun sem birtist í greinargerðinni með þingsályktunartillögunni um umsögn Barnaheilla.

Eins og áður fagna Barnaheill því að fram sé komin tillaga að lýðheilsustefnu til 2030 og telja hana góða og bera merki heilðrænnar og ábyrgrar hugsunar með það fyrir sjónum að ná til allra.

Barnaheill hvetja engu að síður enn til þess að lýðheilsustefnan verði útvíkkuð á þann hátt að með lýðheilsu verði einnig átt við að komið verði í veg fyrir slæma félagslega stöðu og hvers kyns mismunun, sem hvoru tveggja geta haft afar neikvæð heilsufarsleg áhrif.

Að öðru leyti leggja Barnaheill fram eftirfarandi athugasemdir og tillögur:

Um framtíðarsýn fyrir lýðheilsu segir í a. lið:

Lýðheilsustarf verði markvisst, á heimsælikvarða og einkennist meðal annars af þverfaglegu samstarfi heilbrigðisþjónustu, sérstaklega heilsugæslu, og annarra hagaðila á Íslandi, t.d. sveitarfélögum, með áherslu á heilsuefningu og forvarnir.

Þó hér séu aðrir hagaðilar nefndir, telja Barnaheill nauðsynlegt að nefna leik-, grunn- og framhaldsskóla sem samstarfsaðila. Á það einnig við í öðrum köflum tillögunnar.

1. kafli: Forysta til árangurs.

Barnaheill leggja til að við kaflann um Forystu til árangurs verði bætt lið um stefnumiðin þar sem kvæði á um að haft yrði gott samstarf við þá sem njóta þjónustunnar, börn og fullorðna.

3. kafli: Fólkið í forgrunni.

Að mati Barnaheilla þarf að bæta fötlun við þá þætti sem taldir eru upp í 2. lið kaflans um Fólkið í forgrunni þar sem fjallað er um að ryðja skuli úr vegi kerfisbundnum hindrunum sem hamla tækifærum til að lifa heilbrigðu lífi.

4. kafli: Virkir notendur.

Í 4. kafla um virka notendur þarf að leggja ríka áherslu á að til að tryggja lýðheilsu þarf stuðning við börn og fjölskyldur frá fæðingu og í raun frá getnaði. Foreldrafræðsla þarf að vera í boði fyrir alla verðandi foreldra og stuðningur við bæði mæður og feður svo búa megi barni góðar uppeldisaðstæður og góð tengsl við foreldra á fyrstu árum barnsins.

6. kafli: Gæði í fyrirrúmi.

Í 6. Kafli, Gæði í fyrirrúmi er að mati Barnaheilla mikilvægt að nefna að kennarar og starfsfólk skóla skuli einnig búa yfir þekkingu og færni til að sinna heilsueflingu og forvörnum með markvissum hætti. Menntakerfið þarf að vera virkur þátttakandi í forvörnum og lýðheilsustarfi.

Að auki ofanefndu leggja Barnaheill mikla áherslu á að ekki megi mismuna fólki um aðstöðu til að viðhalda heilsu sinni og barna sem og að efla hana. Fátækt er gríðarlegur áhrifaþáttur hvað varðar heilsu. Fjölskyldur sem standa höllum fæti hafa til að mynda ekki tók á að styðja börn sín til heilsueflandi tómstunda.

Í þingsályktuninni er rætt um að embætti Landlæknis sé og eigi að vera stuðningur við skóla vegna heilsueflingar. Að mati Barnaheilla ætti það að vera samvinnuverkefni skóla og landlæknis á jafnræðisgrunni.

Barnaheill leggja til að lýðheilsustefna verði formlegt samvinnuverkefni heilbrigðiskerfi, skólakerfis og félagsþjónustu. Ábyrgðin ætti að mati samtakanna að vera sameiginleg ábyrgð þeirra allra.

Barnaheill hvetja til þess að þingsályktunartillagan verði samþykkt að teknu tilliti til athugasemda og hvatningar um að huga enn betur að heildinni, fyrir öll börn til framtíðar.

Barnaheill – Save the Children á Íslandi vinna að bættum mannréttindum barna og leggja sérstaka áherslu á rétt barna til að vera ekki mismunað og til jafnra tækifæra og þátttöku í samfélaginu, Samtökin hafa Barnasáttmálann að leiðarljósi í öllum sínum störfum.